

Nd.

**444. Frumvarp til laga**

[106. mál]

um breyting á lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar.

(Eftir 2. umr. í Nd., 1. apríl)

1. gr.

17. gr. laganna orðist þannig:

Sá, sem öðlast bótarétt samkvæmt 15. gr., sbr. 16. gr., á þegar rétt til bóta fyrir þá virka daga umfram 6, sem hann hefur verið atvinnulaus á síðustu 12 dögum virkum. Sé um algert og samfellt atvinnuleysi að ræða í 9 daga virka, getur útlutunarnefnd ákveðið, að hefjast skuli greiðsla bóta frá og með 7. atvinnuleysisdegi. Hafi hinn tryggði vinnu, eftir að hann hefur öðlast rétt til bóta, skal við ákvörðun þess dagafjölda, sem greiða skal bætur fyrir, draga frá einn atvinnuleysisdag fyrir hverja þrjá daga, sem hann hefur vinnu.

Hafi hinn tryggði samfellt vinnu í 12 daga, eða 18 daga af síðustu 24 dögum, fellur réttur hans til bóta niður, og þarf hann þá að fullnægja skilyrðum skv. 15. gr., sbr. 16. gr., til þess að öðlast bótarétt að nýju.

Heimilt skal að fella niður eða stytta biðtíma þeirra, sem notið hafa sjúkra- eða slysadagpeninga og verða atvinnulausir, þegar þær greiðslur falla niður.

Atvinnuleysisbætur greiðast ekki fyrir helgidaga og ekki fyrir skemmri tíma en þrjá daga, og engum skal greiða slíkar bætur lengur en 120 daga virka ár hvert.

2. gr.

18. gr. laganna orðist þannig:

Upphæð atvinnuleysistryggingabóta skal vera hin sama og upphæð slysabóta samkvæmt 3. og 4. mgr. 35. gr. laga nr. 40/1963. Grunnupphæð að viðbætti verðlagsuppbót skal jafnan standa á heilum eða hálfum tug króna.

Eigi má gera fjárnám eða lögtak í bótafé samkv. lögum þessum né halda því til greiðslu opinberra gjalda.

3. gr.

Á eftir 22. gr. komi ný gr., svo hljóðandi, sem verði 23. gr., en greinatala laganna breytist samkvæmt því:

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita lán, sem verði vaxtalaus eða með lágum vöxtum um lengri eða skemmri tíma, til eflingar atvinnulífi á þeim stöðum, sem við eiga að stríða verulegt atvinnuleysi. Jafnframt er heimilt að ákveða, að lán þessi verði afborganalaus tiltekin árabíl. Heimilt er að veita lán þessi gegn ábyrgð hlutaðeigandi sveitarfélags, þó að önnur trygging komi ekki til.

Lán samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar mega ekki samtals nema hærri fjárhæð en fjórðungi árlegra vaxtatekna sjóðsins.

Sjóðstjórn er heimilt að láta framkvæma athugun og rannsókn á staðháttum á þeim stöðum, sem lán eru veitt til samkvæmt þessari grein. Skal og jafnan leitað til lagna um úrbætur hjá þeim, sem falin hefur verið rannsókn og athugun vegna þessara lánveitinga, en slíkar tillögur skulu við það miðaðar að koma atvinnulífi hlutaðeigandi staða á traustan fót.

Sjóðstjórn skal leita umsagnar stjórnar atvinnubótasjóðs, áður en hún veitir lán samkvæmt þessari grein.

Heimilt er að veita atvinnubótasjóði lán samkvæmt grein þessari án sérstakra trygginga.

Sjóðstjórninni er heimilt að ákveða lægri vexti en venjulega útlánsvexti af lánunum til samtaka verkafólks og atvinnurekenda til að koma upp húsnæði fyrir félagsstarfsemi sína, þar með talin lán til orlofsheimila verkafólks.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.